

Stefna í alþjóðamálum

Stefna

Tækniskólinn býður nemendum sínum upp á fyrsta flokks menntun sem nýtist þeim í atvinnulífinu, jafnt og til framhaldsnáms í fagskólum og háskólum, bæði innanlands og utan. Evrópa er að stórum hluta orðið eitt atvinnusvæði og ungt fólk sem er að ljúka námi vill eiga möguleika á að starfa og búa víðs vegar um heiminn, öðlast fjölþætta reynslu, læra nýja siði og venjur sem síðan auðga samfélag þeirra. Stefna Tækniskólans er að veita nemendum sínum möguleika á að kynnast straumum og stefnum erlendis, gefa þeim tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn og að öðlast innsýn í hugsunarhátt og starfsaðferðir erlendra fagaðila. Þannig stuðlar skólinn að því að nemendur hafi sem mesta möguleika í námi og starfi í framtíðinni.

Tækniskólinn stefnir að því að vera virkur þátttakandi í evrópsku samstarfi m.a. til að nemendur og starfsfólk eigi þess kost að kynna sér erlenda skóla og fyrirtæki og stunda þar nám og starfsnám. Lögð er áhersla á gagnkvæmar heimsóknir.

Markmið náms- og starfsferða

- Að nemendur verði betur undir það búnir að sækja sér framhaldsmenntun erlendis
- Að starfsfólk eigi þess kost að sækja sér símenntun erlendis
- Að nemendur og starfsfólk læri að bera virðingu fyrir erlendum siðum og menningu
- Að vinna erlendis og kynnast fjölbreyttri atvinnustarfsemi eykur fagmennsku nemenda og starfsfólks
- Að vinna erlendis og kynnast fjölbreyttri atvinnustarfsemi ytir undir framsækni nemenda og starfsfólks

Aðgerðir og leiðir til árangurs

Stýrihópur um alþjóðamál skal vera starfandi. Í honum eiga sæti aðstoðarskólameistari, rekstrar- og fjármálastjóri auk alþjóðafulltrúa.

Alþjóðafulltrúi starfar við skólann og hefur það hlutverk að aðstoða nemendur og starfsfólk við allt sem tengist námsferðum.

Leiðir

Undirbúningur:

- Sækja um styrki til að tryggja fjármagn
- Finna samstarfsskóla og fyrirtæki sem henta
- Sjá til þess að pappírar séu rétt útfylltir og öllum formsatriðum sé fullnægt
- Eftirfylgni með styrkþegum meðan á ferð stendur

Kynning:

- Vera með öfluga og markvissa kynningu á þeim möguleikum sem bjóðast
- Kynning fyrir nýnema og foreldra
- Kynning fyrir nemendur sem eru að hefja starfsnám
- Kynning fyrir starfsfólk

Samstarf:

- Efla samstarf við erlenda fagskóla
- Efla samstarf við erlend fyrirtæki
- Efla samstarf við erlenda kennara og annað fagfólk

Frumkvæði:

- Fylgjast með nýjungum í námi og námsframboði
- Fylgjast með nýjungum í tækni-, verk- og listgreinum
- Sjá fram í tímann, greina þarfir framtíðarinnar

Gæði:

- Áhersla á vandaðan undirbúning

- Áhersla á að styttri ferða verði getið í námsáætlun, sé þess kostur
- Áhersla á eftirfylgni og mat ferða
- Könnun á áhrifum ferða á námsframvindu nemenda

Skólinn kemur til móts við nemendur og starfs-fólk með því að gera þeim kleift að fara í ferðir á vinnutíma/ skóla-tíma þar sem því er við komið. Þannig er hægt að heim-sækja skóla og stofnanir á starfstíma þeirra.